

Fréttabréf í tölvupósti þann 4. Des 2012 (3.tbl. 2.arg. 2012)

Nú styttest í sameiginlega ráðstefnu norrænu Vistbyggðarráðanna

Norræna GBC ráðstefnan fer fram dagana, 31. janúar og 1. febrúar 2013 í gömlu verksmiðjuhúsi í Kaapelitehdas í Helsinki.

Á ráðstefnunni munu helstu sérfræðingar á sviði mannvirkjagerðar kynna framsækin verkefni á sviði sjálfbærra bygginga á Norðulöndunum,

Og fjalla um allt frá tæknilegri endurnýjun húsnæðis til hönnunar og rekstur hverfa og orkumannvirkja.

Um leið og horft er til bygginga sem langtímafjárfestingar

eru þær umgjörð utan um okkar daglega líf og þjóna sem vinnustaðir fyrir þúsundir starfsmanna.

Hægt er að skoða dagskrá ráðstefnunnar á vefsíðunni, www.nordicgbc.org

Hægt er að fá tilboð á hótulgistingu en nú fer hver að verða síðastur að panta herbergi á sérstökum ráðstefnukjörum.

Ráðstefna norrænu vistbyggðarráðanna er að skapa sér sess sem einn helsti viðburður á þessu sviði á Norðulöndunum.

Hana sækja bæði fulltrúar norrænna fyrirtækja og stofnana ásamt fulltrúum alþjóðlegra fyrirtækja á sviði umhverfismála.

Endilega deilið innleggi á facebook og/eða frétt um ráðstefnuna á á vef okkar til allra þeirra sem þið teljið að hafi á huga á að sækja ráðstefnuna.

Aðilafundur og opinn fundur um græna leigu

Haldinn var aðilafundur þann 29. nóvember síðastliðinn.

Fínar umræður voru á fundinum og var varið yfir það helsta sem unnið hefur verið að á sviði stefnumótunar síðastliðið ár og jafnframt kynnt það sem framundan er.

Á næstu dögum má nálgast stefnumótunarskýrslu fyrir árið 2013 á vef okkar, og hvet ég ykkur til að fylgjast með því.

Áhugaverðar umræður sköpuðust einnig á opna fundinum um áhrif grænna leigusamninga en Guðmundur Tryggvi Sigurðsson kynnti, 7 þætti Reita um græna leigu.

Hægt er að skoða fyrirlestrana á vefsíðu vbr. <http://www.vbr.is/frettir>

Nýjir aðilar

Þá vil ég nota tækifærið og kynna nýjustu aðila VBR, en á þessu ári hafa bæst við: Búseti, Félagsbústaðir, Skipulagsstofnun, og lðan fræðslusetur.

Er óhætt að setja að þessir aðilar munu styrkja þá flóru fyrirtækja og stofnana sem nú mynda Vistbyggðarráð.

En þó er nauðsynlegt að halda áfram að því verkefni að fjölga aðilum og þarf sérstaklega að huga að fyrirtækjum í verktakageiranum eða þeim aðilum sem sjá um framkvæmdir.

Endilega bendið áhugasömum á að hægt er að fá heimsókn þar sem starfsemi okkar er kynnt og á vefsíðunni er jafnframt hægt að sækja eyðublað um aðild.

Nýr bæklingur

„Í átt að vistvænni byggð“ er heitið á nýja bæklingnum okkar sem kom úr prentun þann 29. nóv.

Bæklinginn er nú hægt að nálgast í rafrænu formi á vefsíðunni.

Einnig er hægt að óska eftir eintökum til dreifingar með því að senda póst á, sigrídur@vbr.is

Aðilalógó

Að lokum sendi ég hér meðfylgjandi aðilalógó VBR fyrir þá sem vilja gera aðild sína að samtökunum sýnilegri.